

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 15. desember 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál.

Að beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis er eftirfarandi umsögn hér með komið á framfæri um tillögu til þingsályktunar 535. mál.

Umsögnin varðar fyrst og fremst eftirfarandi lykilviðfangsefni (sbr. Þingskjal 621 — 535. Mál), II. LYKILVIÐFANGSEFNI (bls. 1-2)

2. Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi.
4. Landnotkun í dreifbýli.
6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.

Í umræddum lið II. LYKILVIÐFANGSEFNI gera undirrituð athugasemd við orðalagið í listanum um liði 4 og 6.

Í lið 4 er talað um landnotkun í dreifbýli, en ekki minnst á landnotkun í þéttbýli. Hér er því gerð sú tillaga að breyta lið 4 á eftirfarandi hátt:

4. Landnotkun í dreifbýli verði **4. Landnotkun í þéttbýli og dreifbýli.**

Í lið 6 er talað um orkuskipti í samgöngum og fjölbreytta ferðamáta.

Yfirskrift liðsins eða orðalag, gefur tilefni til misskilnings og gefur ekki til kynna hvað felist í lofslagsmiðuðu skipulagi og hver eru lykilatriðin sem þarf að nefna til að stuðla að sjálfbærri þróun þéttbýlis og samgangna í þéttbýli.

Hér er því gerð sú tillaga að breyta lið 6 á eftirfarandi hátt:

6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta. Verði **6. Vistvænar samgöngur og orkuskipti**

Hér verður útskýrt nánar hvers vegna mikilvægt er að taka fram að landnotkun í þéttbýli er mikilvæg, en það tengist m.a. möguleikum til að stuðla að sjálfbærum samgöngumátum, að skipulag sé samgöngumiðað. Sbr. Tillögu að breyttu orðalagi fyrir lið 4.

Þá verður útskýrt nánar hvað felst í breyttu orðalagi á yfirskriftinni fyrir lið 6 og hvers vegna það gefur réttari mynd af markmiðum um sjálfbæra þróun, loftslagsvænt skipulag og samdrátt í orkunotkun.

Landnotkun í þéttbýli, samgöngumiðað skipulag og vistvænar samgöngur.

Í allri umfjöllun um samgöngur og skipulag er mikilvægt að gæta nákvæmni í notkun hugtaka og að orðalag sýni gegnumgangandi skilning á samhengi mismunandi þátta sem tengjast því meginmarkmiði að draga úr orkuþörf og stuðla að sjálfbærni. Athugasemdir þær sem hér er komið á framfæri varða fyrst og fremst samgöngur í þéttbýli og þá stefnumörkun sem þarf að setja ásamt þeim aðgerðum sem eru nauðsynlegar til að sporna við loftslagsbreytingum og stuðla að sjálfbærri þróun og vistvænum samgönguvenjum. Að hluta til er orðið orkuskipti að valda misskilningi. Það þarf fyrst og fremst að stuðla að gangandi og hjólandi umferð, notkun almenningsgangna og draga verulega úr notkun einkabíla. Forgangsröðun samgöngumáta ætti jafnframt að vera í upptalinni röð. Þetta ætti að koma skýrt fram í bætri hvítbók um skipulagsmál. Það er takmörkuð lausn á umhverfisvanda að reikna með að málið leysist með skiptum yfir í raforku. Gagnvart skipulagi er þéttleiki byggðar og aðgangur að nauðsynlegri þjónustu í göngu – eða hjólafæri mikilvægur. Í samgöngumiðuðu skipulagi er þéttleiki mestur við stoppstöðvar fyrir almenningsamgöngur, þar sem jafnframt ætti að staðsetja mikilvægt þjónustuframboð. Þá ætti að minnka hlutfall þess svæðis sem fer undir samgöngur einkabíla, en við slíkt skipulag skapast aukið rými fyrir frekari þéttingu og til að bæta rekstrargrundvöll fyrir þjónustu, bæta almenningsrými fyrir gangandi og hjólandi, og fyrir útiveru almennt. Allt saman styður undir bættu lýðheilsu (sbr. áherslur í nýrri loftslagsskýrslu), bæði líkamlega og andlega. Þá þarf að huga að því að aðgengi að mikilvægum útivistarsvæðum og náttúrusvæðum sé með almenningsamgöngum, en síður einkabíl (dæmi Heiðmörk). Skynsamleg nýting lands felur því ekki einungis í sér að vernda náttúrusvæði, heldur ekki síður að minnka umfang lands sem fer undir samgöngumannvirki, til að nýta það fyrir þetta og heilsusamlega byggt sem jafnframt skapar góðan rekstrargrundvöll undir almenningsamgöngur og ýmsa þjónustu. Undirrituð hefur í áraraddir stundað rannsóknir á samhenginu milli samgönguvenja, sjálfbærrar þróunar, byggðamynsturs, lýðheilsu, búsetugæða og aðlaðandi bæjarrýma. Eftir hana liggja fjöldi ritrýndra greina um efnið, byggt á tilviksrannsóknum á Íslandi og öðrum norðurlöndum. Sjá t.d. Næss, P., Stefansdóttir, H., Peters, S., Czepkiewicz, M., & Heinonen, J. (2021). Residential location and travel in the Reykjavik capital region. *Sustainability*, 13(12), 6714. og orcid.org/0000-0003-1707-1828

Í eftirfarandi kafla í lið 7 er vísað í leiðbeiningarnar “Mannlíf, byggð og bæjarrými”:

III. MARKMIÐ, ÁHERSLUR OG MÆLIKVARÐAR (bls. 2-3)

Áhersla A.2: Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.

Fran fylgd við skipulagsgerð:

7. Skipulag og útfærsla gatnakerfis og göturýma innan byggðarheilda taki mið af Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (Þ)

Bent skal á að umræddar leiðbeiningar hafa ekki verið sendar til umsagnar hjá deild Skipulags og hönnunar við LBHÍ. Í núverandi drögum að leiðbeiningum er ekki vitnað í neinar heimildir og því óljóst að hvaða leiti leiðbeiningarnar byggja á stöðu þekkingar um hvernig skuli standa að skipulagi og útfærslu gangakerfis og göturýma. Það er mikilvægt að slíkar leiðbeiningar séu byggðar á bestu þekkingu hverju sinni. Það er stefna deildar

skipulags- og hönnunar við Landbúnaðarháskóla Íslands að vera leiðandi rannsókn- og menntastofnun í skipulagsfræðum og landslagsarkitektúr á Íslandi, þar sem áhersla er lögð á að þróa og miðla þekkingu sem tengist sjálfbæru skipulagi og hönnun í byggðu umhverfi og náttúru í staðbundnu samhengi. Það er því nauðsynlegt að koma á formlegra samstarfi og samtali um miðlun á þeirri þekkingu um skipulagsmál sem fræðafólk LBHÍ býr yfir og vinnur að því að afla.

Liður 2 varðar “jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi.” (bls. 1 og bls. 27)

Í umfjöllun um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis vill undirrituð almennt benda á nauðsyn þess að efla samtal um skilgreiningu á húsnæðisþörf og hvað séu búsetugæði. Fjallað er um mikilvægi þess að draga úr kolefnisspori vegna húsnæðisuppbyggingar. Undirrituð vill benda á að stærð húsnæðis skipir mestu um kolefnissporið. Því ætti stefnumörkun um húsnæðisþörf að fara fram í ljósi búsetugæða, sem taka til m.a. heilnæms umhverfis, útivistar, félagslegra tengsla og möguleika á að sækja þjónustu í nágrenninu. Þá ætti að hvetja til skoðunar á óhefðbundnum lausnum svo sem sambyli (co-housing) og þéttrar og fremur lágreistrar byggðar með lágmarks aðgengi með einkabíl. Hugtakið búsetugæði tengir saman þætti er varða gæði í bæði skipulagi byggðar og húsnæðis. Sjá t.d. Stefánsdóttir, H., & Xue, J. (2018). 14 The quality of small dwellings in a neighbourhood context. *Housing for degrowth: Principles, models, challenges and opportunities*, 156.

Í lið IV. SAMÞÆTTING VIÐ AÐRAR STEFNUR OG ÁÆTLANIR (bls. 17)

er fjallað um að framkvæmd stefnumörkunar þessarar verði í nánú samráði milli m.a. ýmissa stofnana. Að tryggð verði samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Þá vilja undirrituð leggja til að upplýsingagjöf og/eða umsögn LBHÍ um brýn málefni skipulags og hönnunar verði eflað og fundinn formlegur farvegur eftir því sem tilefni er til.

Fyrir hönd deildar Skipulags og hönnunar við Landbúnaðarháskóla Íslands

Virðingarfyllst

Dr. Harpa Stefánsdóttir

Prófessor

Skipulag og hönnun

Tel (+354) 4335000 (+354) 8435308

harpastefans@lbhi.is

orcid.org/0000-0003-1707-1828

Landbúnaðarháskóli Íslands / *Agricultural University of Iceland*
Keldnaholt, Árleynir 22, 112 Reykjavík
www.lbhi.is / (+354) 433 5000

